

Áhrif Netsins

Öllum tækninýjungum fylgja fordómar, annaðhvort af stjórnmálalegum eða félagslegum toga.

Málefni	Fjölmiðlar, hnattvæðing, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 4
Hópstærð	10–50
Tími	180 mínútur
Yfirlit	Í þessu verkefni fara bæði fram umræður í smærri hópum og á sameiginlegum fundi þar sem umfjöllunarefnið er: <ul style="list-style-type: none"> • Framtíð Netsins og stafræn þróun. • Notkun Netsins í þágu mannréttinda.
Tengd réttindi	• Öll mannréttindi.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að vekja skilning á því hvaða áhrif Netið og aðgengi að upplýsingum um allan heim hefur. • Að örva ímyndunaraflíð og gagnrýna hugsun. • Að stuðla að réttlæti og samstöðu með öðrum og vinna að mannréttindamálum.
Efniviður og aðstaða	<ul style="list-style-type: none"> • Ljósrit af dreifiblöðum. • Stórar pappírsarkir og merkipennar fyrir hvern hóp. • Aðstaða til þess að halda bæði sameiginlegan fund og vinna í smærri hópum.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Taktu ljósrit af dreifiblaði nr. 1, „Sex spádómar um áhrif Netsins“, tveir geta deilt með sér einu eintaki. • Ljósritaðu dreifiblöð nr. 2, 3, 4, 5 og 6 í nægilegu magni til að hver og einn í vinnuhópunum fimm fái eintak.

Leiðbeiningar

Þetta verkefni er þrískipt: 1. hluti, kynning (10 mínútur), 2. hluti, spáð fyrir um áhrif Netsins (60 mínútur), og 3. hluti, hvernig nota má Netið til að efla mannréttindi (90 mínútur).

1. hluti. Kynning (10 mínútur)

1. Kynntu verkefnið fyrir þátttakendum og segðu þeim að þeir þurfi allir að beita ímyndunarafli sínu og gagnrýninni hugsun. Hlutverk þeirra er að meta áhrif Netsins og nútímaupplýsingatækni, bæði á daglegt líf og á mannréttindastarf.
2. Til að koma þeim í gang skaltu ræða almennt um viðfangsefnið og telja upp nokkur grundvallaratriði varðandi Netið, síðan skaltu biðja þá að spjalla tvo og tvo saman um eigin reynslu af Netinu, kosti þess og galla. Þetta á aðeins að taka um tíu mínútur.

2. hluti. Spáð fyrir um áhrif Netsins (60 mínútur)

1. Dreifðu ljósriti af dreifiblaði 1, „Sex spádómar um áhrif Netsins“. Segðu þátttakendum að framtíðarsýnin hafi verið dregin upp í fremur sterkum dráttum til að fá fram ólíkar niðurstöður.

MÁLEFNI



FJÖLMIÐLAR



HNATTVÆÐING



ALMENN MANNRÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG

STIG 4

STIG 3

STIG 2

STIG 1

STIG 4

HÓPSTÆRÐ



10–50

TÍMI



180 MÍNÚTUR

2. Hvert par á síðan að velja hvaða framtíðarsýn sé líklegust til að verða að raunveruleika og hver sé ólíklegust. Gefðu þeim fimmtán mínútur í þennan hluta verkefnisins.
 3. Kallaðu alla þátttakendur saman til að gera grein fyrir vali sínu. Láttu umræðurnar snúast um:
 - Líklegustu framtíðarsýnina/sýnirnar.
 - Mikilvægi mannréttinda, svo sem tjáningarfrelsis, í tengslum við upplýsingatæknina.
 - Stafræna þróun.
 4. Fáðu einn eða tvo þátttakendur til að skrifa aðalatriðin á flettistöfluna.
- 3. hluti.** Hvernig nota má Netið til að efla mannréttindi (90 mínútur)
1. Skiptu þátttakendum í fimm hópa, A–E. Fáðu þeim dreifiblöðin. Hver og einn í hópi A á að fá eintak af „dreifiblaði fyrir hóp A, Framtíðarsýn: Svartsýni.“ Þeir sem eru í hópi B eiga að fá eintak af „dreifiblaði fyrir hóp B, Framtíðarsýn: Bjartsýni“, o.s.frv.
 2. Gefðu þeim tuttugu mínútur til að lesa gögnin og skiptast á skoðunum.
 3. Segðu þeim að hugleiða það sem stendur á blöðunum út frá því sem spjallað var um í fyrsta hlutanum um áhrif Netsins. Þeir ættu að huga vel að þessum þætti verkefnisins því að hann skiptir miklu máli fyrir framhaldið.
 4. Skiptu þátttakendunum í nýja hópa. Fimm manns eiga að vera í hverjum hópi, einn úr hópi A, einn úr hópi B, einn úr hópi C, o.s.frv.
 5. Þessir nýju hópar eiga hver um sig að koma með tillögur um hvernig nota megi Netið til að efla mannréttindi og nefna þrjú atriði þar að lútandi.
 6. Bentu þeim á að skiptast á skoðunum til að byrja með; aðilar úr hópum C, D og E (þeir sem eru með upplýsingar um starfsemi frjálsra félagasamtaka) skulu fyrst greina frá afstöðu sinni og síðan eiga þeir sem koma úr hópum A og B að segja sína skoðun. Að því loknu verða þeir betur í stakk búnir til að skilgreina hvernig nýta megi Netið til að efla mannréttindi og komast að samkomulagi um það atriði.
 7. Einnig skulu þeir velja einn talsmann úr sínum hópi til að kynna niðurstöðuna á lokafundi. Þeir fá 35 mínútur til að vinna að þessu.
 8. Kallaðu þátttakendur saman til að ræða niðurstöðurnar.

Samantekt og mat

Í fyrstu skal ræða um verkefnið og hvernig hópstarfið fór fram. Síðan skal fjalla um hvers þátttakendur urðu vísari.

- Hve mikið vissu þátttakendur um Netið? Hve mikið nota þeir það? Til hvers nota þeir það?
- Voru þátttakendur misvel að sér um stafræna þróun? Hvaða áhrif hafði það á þátttöku þeirra í verkefninu? Fannst einhverjum þeir vera utangátta vegna þess að þeir voru ekki nógu vel að sér?
- Fannst hinum slíkt reynsluleysi koma niður á hópstarfinu?
- Hvaða kostir fylgja því að starfa í hópi þar sem fólk er með mismunandi reynslu og viðhorf gagnvart málefni?
- Hvað fannst þátttakendum áhugaverðast í tengslum við starf þeirra frjálsu félagasamtaka sem vinna að mannréttindamálum? Kom eitthvað á óvart?
- Eru kostir þess að nota Netið til að vinna að mannréttindum fleiri en ókostirnir?
- Hvernig er best að takast á við ókostina?

Ábendingar til leiðbeinanda

Kanna skal hversu kunnugir þátttakendur eru Netinu áður en hafist er handa við verkefnið til að sjá á hvaða stigi þeir eru og hvernig best sé að nálgast hlutina almennt.

Í samantektinni er gott að beina athyglinni að aðgengi að nýrri upplýsingatækni, bæði á alþjóðavísu og á tilteknum stöðum, og gæta skal þess að þeir sem ekki eru með eða eiga erfitt með að fá aðgang að Netinu geti fengið að tjá sig. Markmiðið með spurningunum um þekkingu þátttakenda á stafrænni þróun, og kosti þess að vinna með fólki sem er með mismunandi reynslu, er að hvetja fólk til að hugleiða ýmsa þætti varðandi ákvarðanatökur.

Tilbrigði

Hægt er að auka við verkefnið með því að láta þátttakendur æfa sig í að komast að samkomulagi, sjá eftirfarandi:

1. Í fyrsta hlutanum, að 4. lið loknum (spjalli tveggja aðila), skaltu biðja pörin að skipa sér í fjögurra manna hópa til að ræða hugmyndir sínar og komast að samkomulagi um hvaða framtíðarsýn sé líklegust til að verða að raunveruleika og hver sé ólíklegust. Síðan skaltu biðja hvern hóp að bæta tveimur setningum um einhver mannréttindamál (svo sem tjáningarfrelsi) við þá framtíðarsýn sem þeir telja líklegasta. Þannig er séð til þess að hópar sem eru fljótir að komast að samkomulagi þurfi að velta áfram fyrir sér þeirri framtíðarsýn sem þeir hafa valið, og tileinka sér hana betur, áður en þeir taka til við næsta lið.
2. Láttu nú tvo fjögurra manna hópa mynda átta manna hópa og segðu þeim að bera saman bækur sínar og komast að samkomulagi um hvaða framtíðarsýn sé líklegust til að verða að raunveruleika og hver sé ólíklegust. Segðu hópunum að velja sér talsmann (15 mínútur). Síðan skal haldið áfram frá og með fimmta lið, þ.e. kynningu á niðurstöðum á sameiginlegum fundi.
3. Þar skaltu biðja þátttakendur að lesa upp viðbótarsetningarnar sínar og gera grein fyrir þeim. Hvettu þátttakendur (ekki einungis talsmennina) til að:
 - velta fyrir sér hvað er líkt og ólíkt í vali hópanna,
 - ástæðunum sem lágu að baki valinu,
 - mannréttindamálum í tengslum við Netið,
 - raunverulegum afleiðingum þeirrar framtíðarsýnar sem valin var.
4. Segðu þátttakendum einnig að velta fyrir sér vinnubrögðum sínum.
 - Skiptu þeir um skoðun meðan á umræðunum stóð?
 - Var erfiðara að vinna í stærri hópum?
 - Hverjir höfðu tilhneigingu til að taka forystuna (til dæmis: þeir sem voru vanir/óvanir Netinu?)
 - Gátu þátttakendur tjáð sig að vild, burtséð frá færni þeirra á Netinu?

Tillögur um framhald

Hvettu þátttakendur til að fara á vefsvæðin (og tenglana) sem getið er um á dreifiblaðinu „Upplýsingar um frjáls félagasamtök“. Síðan gætu þeir farið að huga að því verkefni að:

- (a) nota tiltækt efni á Netinu til að auka skilning fólks í kringum sig á mannréttindamálum.

Lykildagsetning

17. maí

Alþjóðafjarskiptadagurinn

- (b) finna út hvernig hægt er að nota Netið á nýjan hátt til að vinna að mannréttindamálum.
 (c) búa til eigin heimasíðu og tengja hana við aðra æskulýðshópa.

Bent er á verkefnið „Þegar morgunn rís“, á bls. 256, ef þátttakendur vilja vinna að ákveðnu verkefni þar sem Netið er notað til að stuðla að mannréttindum. Í þessu verkefni, sem fjallar um réttinn til lífsins, er notað efni af heimasíðu fanga sem bíður dauðarefsingar.

Hugmyndir um aðgerðir

Fylgja mætti eftir þeim hugmyndum sem fram komu í verkefninu, eða velja einn af þeim mörgu möguleikum sem fram koma á vefsvæðunum (og tenglum) á dreifblaðinu „Upplýsingar um frjáls félagasamtök“ og vinna út frá þeim.

Nánari upplýsingar

Í skýrslu þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna frá 2001 um „þróun mannkyns“ er fjallað um stafræna þróun. Hægt er að nálgast skýrsluna á slóðinni www.undp.org.

EFNI TIL DREIFINGAR**Hlutverkaspjöld****Sex spádómar um áhrif Netsins**

1. HEIMUR BATNANDI FER! Árið 2010 verða allir jarðarbúar nettengdir. Verslanir, skrifstofur og viðskiptaferðir verða alveg óþarfar. Með því móti sparast svo miklir fjármunir að allt verður ókeypis! Styrjaldir verða úr sögunni! Allir verða hamingjusamir!
2. HEIMUR VERSNANDI FER! Árið 2010 verða allir Vesturlandabúar nettengdir, en milljarðar manna utan auðvaldsríkjanna lifa enn við sára fátækt. Óstöðugleikinn sem slíkt leiðir af sér mun valda nýrri heimsstyrjöld, eða að því mun koma að einhver nýti sér uppskriftina að atómsprengjunni – sem finna má á Netinu. Allir munu láta lífið.
3. FÓLK MUN LEGGJA NETIÐ UNDIR SIG. Árið 2010 verður umferðin á Netinu slík að stjórnvöld ráða ekki við hana. Lítil sjálfstjórnarríki spretta upp þar sem fólk býr í „sýndarþorpum“. Allir verða frjálsir.
4. STJÓRNVÖLD MUNU LEGGJA NETIÐ UNDIR SIG. Eins og Orwell sagði fyrir um í bók sinni „1984“ mun „stóri bróðir“ fylgjast með þér árið 2010. Allt verður skráð og skoðað – allur tölvupóstur, allar bankaupplýsingar, allar persónulegar tímaáætlanir og innkaup. Nettölvur verða búnar myndavélum sem fylgjast með þér allan sólarhringinn. Alræðisstjórnir verða hvarvetna við völd. Allir verða kúgaðir.
5. NETIÐ ER LIÐIN TÍÐ. Árið 2010 verður nýjabrúmið farið af netheimum. Allir sinna þá störfum sínum eins og þeir voru vanir. Ekki þarf lengur að ræða um nýja upplýsingatækni sem vettvang tjáningarfrelsis. Það mun spara mikla fjármuni að hætta að nota sýndarheiminn – hann mun líða undir lok.
6. NETIÐ ER KOMIÐ TIL AÐ VERA. Árið 2010 verða allir jarðarbúar í netsambandi hver við annan. Hægt verður að hafa samskipti við fólk á tölvuskjánum, fara í sumarfrí heima í stofu og eiga í deilum við þúsundir manna sem maður hefur aldrei séð. Netið verður svo útbreitt að enginn kemst hjá því að fjárfesta heilmikið og endurskipuleggja alla tilveru sína út frá því.

Heimild: Úr „Human Rights and the Internet“, eftir S. Hicks, E. F. Halpin og E. Hoskins (ritstj.), McMillan Press Ltd, London, 2000. Endursögn.

Hópur A. Framtíðarsýn: Svartsýni

Neil Postman: „Fimm hugmyndir um tæknibreytingar“.

Í fyrsta lagi: við kaupum ávallt tæknina dýru verði; því flóknari tækni þeim mun hærra verð.

Í öðru lagi: alltaf er um sigurvegara og tapara að ræða, og sigurvegararnir reyna stöðugt að sannfæra taparana um að þeir séu í raun sigurvegarar.

Í þriðja lagi: öllum merkjum tækninýjungum fylgja hugmyndafræðilegir, pólitískir og félagslegir fordómar. Stundum leiða þessar framfarir til góðs. En ekki alltaf. Prenttæknin ruddi munnlegri hefð úr vegi; símrítun gerði geiminn að engu; sjónvarpið gerði lítið úr hinu talaða orði; tölvan mun ef til vill gera „lifandi samskipti“ óþörf. Og svo framvegis.

Í fjórða lagi: tæknibreytingar eru ekki viðbót; þær eru vistfræðilegar, og í því felst að þær umbylta öllu og eru því af mikilvægum til að Bill Gates megi einn ráða ferðinni.

Og í fimmta lagi: tæknin hefur tilhneigingu til að verða goðsagnarkennd; lítið er á hana eins og náttúruulögmál og því vill hún oft stjórna lífi okkar meira en góðu hófi gegnir.

(Úr erindi sem var flutt á ráðstefnunni „The New Technologies and the Human Person: Communicating the Faith in the New Millennium“ sem haldin var í Denver, Colorado, 27. mars 1998, www.newtech.org/address10-en.htm)

Hópur B. Framtíðarsýn: Bjartsýni

Sean Kidney: „Netið auðveldar alla borgaralega starfsemi“.

Ég tel að framtíðin sé björt hjá þeim sem áhuga hafa á Netinu. Eins og alltaf þegar mikið umrót og breytingar eiga sér stað, þá skapar Netið marga möguleika, en sumir fara þó forgörðum. Einhverjir prentmiðlar munu leggjast af. Ég tel þetta vera byltingu sem veitir einstaklingnum svigrúm til að hafa áhrif, fólk getur bæði lagt sitt af mörkum – og aflað sér upplýsinga. Nýjungar eru oft of byltingakenndar og hverfa jafnharðan, en hér er það ekki raunin.

Ég á mér þá von að Netið muni auðvelda borgaralega starfsemi og stuðla að annars konar lýðræði. Ég held að þetta sé afar mikilvægt ef við eigum að tryggja að félagsleg mismunur aukist ekki, einkum næstu tíu árin, eða svo, á meðan þessi bylting breiðist hægt út um allan heim. Við þurfum að vinna saman að því, ekki bara á landsvísu heldur einnig á heimsvísu, að þessi merkilega bylting nýtist í framtíðinni.

Ef þú kannt að lesa er næsta skrefið að fá aðgang að upplýsingum, lesefni, t.d. bókasafni. Hugsaðu þér hvílik bylting fylgdi almenningsbókasöfnunum á sínum tíma. Með Netinu verður auðvitað til alþjóðlegt bókasafn.

(Úr „Talk to the NSW Society of Editors“, 6. apríl 1999, <http://online.socialchange.net.au>)

Hópur C. Upplýsingar um frjáls félagsamtök: Amnesty International (www.amnesty.org)

Amnesty International, sem stofnað var árið 1961, berst fyrir því að frelsa alla samviskufanga, að tryggja tafarlaus og sanngjörn réttarhöld yfir pólitískum fögum, afnema dauðarefsingu, pyndingar og aðra slæma meðferð á fögum, og binda enda á pólitísk morð og „hvarf“ manna; samtökin andmæla mannréttindabrotum sem stjórnvöld eða uppreisnarhópar fremja. Um milljón manns í 162 löndum eru aðilar að Amnesty International. Starfsemin spannar allt frá opinberum mótmælum til bréfaskrifta, frá fræðslu í mannréttindamálum til styrktartónleika og frá einstaklingsbundnum beiðnum til alþjóðlegrar baráttu.

Hún er hlutlaus og óháð öllum stjórnvöldum og trúar- og stjórnmálaskoðunum. Amnesty International er að mestu fjármagnað með félagsgjöldum og framlagi frá félögum um allan heim. Á vefsvæði samtakanna er handbók um baráttuefni og önnur um sanngjörn réttarhöld. Einnig er gefinn kostur á þátttöku í baráttumálum, og hægt er að skrá sig á lista yfir þá sem vilja fá áriðandi beiðnir sendar með SMS og senda póstkort til að krefjast þess að pyndingar verði afnumdar.

Dæmi um starfsemi Amnesty International

Eftir nokkur mistök, og þar af leiðandi neikvæða umfjöllun í lok sjöunda áratugar síðustu aldar, tók Amnesty International upp þá reglu að aðilar að samtökunum skyldu aðeins vinna að málum utan eigin landsteina. Enn eru það sjálfboðaliðar sem leggja mest af mörkum. Þeir skrifa bréf til stjórnvalda sem brjóta gegn mannréttindum andófsmanna, hvort sem um fangavist, áreitni, hótanir, líkamlegar pyndingar, „hvarf“ eða morð af pólitískum ástæðum er að ræða. Þeir senda fólk á opinbera viðburði til að dreifa upplýsingum til almennings um samviskufanga og mannréttindamál. Þeir skipuleggja mótmæli, skrifa fréttatilkynningar, stofna bréfritarahópa í kirkjum sínum, samkunduhúsum gyðinga eða moskum, og nota hugvit sitt og ímyndunarafli á alla lund.

Amnesty International fer aldrei fram á þakklæti þegar fögum er sleppt úr haldi. Það er margt sem stuðlar að því að fögum sé sleppt, ekki síst aðgerðir fjölskyldu og vina (sem oft eru áhættusamar). En margir, sem losnað hafa úr haldi, segja umfjöllun og bréfaskrif Amnesty International hafa skipt sköpum.

Árið 1977 hlaut Amnesty International nóbelsverðlaunin fyrir starfsemi sína. Í herferð samtakanna „Komdu og vertu með“ („Get up Sign up“), í síni 50 ára afmælis Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, söfnuðust 13 milljónir undirskrifta til stuðnings yfirlýsingunni. Árið 2001 fékk vefsvæði samtakanna gegn pyndingum svokölluð byltingarverðlaun (Revolution Award) árið 2001 fyrir „tölvupóst í besta tilgangi“. (www.stoptorture.org).

Hópur D. Upplýsingar um frjáls félagasamtök: Mannréttindasamtökin Derechos (www.derechos.org)

Mannréttindasamtökin Derechos voru stofnuð árið 1995 og eru líklega fyrstu mannréttindasamtökin sem eru byggð á Netinu. Derechos hóf starfsemi sína í samvinnu við Equipo Nizkor, systurfélag samtakanna á Spáni, í þeirri fullvissu að Netið gæti verið öflugasta tækið í baráttunni gegn mannréttindabrotum um allan heim og með því væri mannréttindasamtökum gert kleift að láta rödd sína heyrast hvarvetna. Derechos er í samstarfi við mannréttindasamtök í Rómönsku Ameríku og víða um heim til að koma á framfæri nákvæmum og brýnum upplýsingum um stöðu mannréttindamála í einstökum löndum og veita hjálp ef kostur er. Samtökin taka einnig saman ýmsa póstlista er varða mannréttindamál, gefa út tímarit um mannréttindi á Netinu og vinna að því að halda minningu þeirra sem hafa horfið á lofti með réttlætið að leiðarljósi. Á vefsvæði þeirra er heildarlisti yfir heimasíður annarra mannréttindasamtaka.

Dæmi um starfsemi Derecho-samtakanna

Árið 1998 las Javier Vildoza (21 árs) eftirfarandi yfirlýsingu á vefsvæði Derechos: „Vildoza, Jorge (öðru nafni) „Gaston“, majór, undirforingi GT332 (...); núverandi flóttamaður, búsettur í Englandi; hann kann að hafa rænt syni Ceciliu Vinas, sem fæddist um miðjan september 1977.“ Javier komst að því að maður sem hann taldi vera föður sinn var þekktur fyrir mannréttindabrot og að þessi maður hafði rænt barni um það leyti sem hann fæddist í Naval Mechanical skólanum, alræmdum fangabúðum, þegar einræðisstjórnin var við völd í Argentínu. Hann var sonur Ceciliu Vinas og Hugo Reinaldo Penino en hafði verið numinn á brott af Jorge Vildoza, sem síðar var ákærður fyrir pyndingar og morð í rúmlega sextíu málum. Hann hafði verið skráður undir nafninu Javier Gonzalo Vildoza Grimaldo og alinn upp hjá Vildoza og eiginkonu hans sem þeirra eigin sonur og honum hafði aldrei verið sagður sannleikurinn um uppruna sinn.

Við nánari leit á vefsvæði samtakanna og vefsvæði verkefnisins „Hornfir einstaklingar“ komst Javier að því að blóðforeldrar hans voru enn á skrá yfir fólk sem var horfið og að afi hans og amma hefðu leitað hans í yfir tuttugu ár. Árið 1988 fann hann þau. Til að fá staðfestingu á því hver hann raunverulega var og hvað faðir hans hafði gert skrifaði hann bréf til rannsóknardómstóls í Argentínu með beiðni um DNA-greiningu. Niðurstaðan var skýr: hann var sonur Ceciliu Vinas og Hugo Reinaldo Penino. Síðan hefur hann verið í sambandi við afa og sinn og ömmu. Saga Javiers sýnir að aðgerðir á Netinu geta skilað ófyrirsjáanlegum árangri og farið langt fram úr væntingum. Þegar verkefninu „Hornfir einstaklingar“ var hrint úr vör var tilgangurinn sá að halda á lofti minningu þeirra sem höfðu horfið og fordæma þá sem ábyrgir voru fyrir hvarfi þeirra, bæði í Rómönsku Ameríku og um heim allan. Engum hafði dottið í hug að vefsvæðið gæti orðið til þess að eitt af börnum þeirra sem höfðu horfið kæmist þar að sannleikanum um uppruna sinn. (Úr „Doing Human Rights Online: the Derechos' Cyberbirth“, eftir Michael Katz-Lacabe og Margarita Lacabe, í „Human Rights and the Internet“, eftir S. Hicks, E. F. Halpin og E. Hoskins (ritstj.), McMillan Press Ltd, London, 2000).

Hópur E. Upplýsingar um frjáls félagasamtök: Human Rights Watch (www.hrw.org)

Human Rights Watch eru frjáls félagasamtök sem njóta stuðnings einkaaðila og stofnana víða um heim. Samtökin voru stofnuð árið 1978 undir heitinu Helsinki Watch (núna Human Rights Watch/Helsinki), til að svara ákalli um stuðning frá baráttuhópum í Moskvu, Varsjá og Prag, sem höfðu verið stofnaðir til að gæta þess að farið væri að ákvæðunum um mannréttindi í Helsinki-samkomulaginu. Þau þiggja enga ríkisstyrki, hvorki beint né óbeint. Samtökin Human Rights Watch vinna að því að mannréttindabrot verði afnumin, svo sem skyndiaftökur, pyndingar, geðþóttavardhald, skert tjáningarfrelsi í ræðu og riti, skert trúfrelsi, bann gegn málsmeðferð og mismunun vegna kynþáttar, kynferðis, þjóðernis eða trúarbragða.

Human Rights Watch birtir upplýsingar um mannréttindabrot til að afhjúpa stjórnvöld andspænis eigin þjóð og alþjóðasamfélaginu. Human Rights Watch þrýstir einnig á um að stjórnvöld sem stöðugt eru staðin að mannréttindabrotum njóti hvorki hernáðarlegs, efnahagslegs né diplómátskis stuðnings.

Þrjú dæmi um starfsemi samtakanna:

Alþjóðaglæpadómstóllinn: Human Rights Watch var í fylkingarbroddi við stofnun Alþjóðaglæpadómstólsins, dómstóls sem er stöðugt að störfum og getur dæmt í málum þar sem farið er með alvarlegustu glæpi gegn mannkyni, óháð því hvar þeir eru framdir.

Tsjetsjenía: Human Rights Watch voru einu mannréttindasamtökin sem stöðugt voru á landamærum Tsjetsjeníu í árásum Rússa, og þau veittu upplýsingar sem urðu til þess að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun um að fordæma framgöngu Rússa í Tsjetsjeníu. Þetta var í fyrsta skipti sem nefndin veitti einum af fimm fastaaðilum að Öryggisráði SP ámæli.

Kosovo: Human Rights Watch stóð fyrir mikilvægri rannsókn í Kosovo, nokkru áður en sprengjuherferð NATO hófst. Fyrsta langa skýrsla þeirra um Kosovo kom út árið 1990 og samtökin fylgdust náið með þróuninni þar allan tíunda áratug síðustu aldar.